



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 14. september 2020

Efni: Markaðsherferð/ferðumst innanlands

Reykjanesbær – kíktu í heimsókn

Á vormánuðum kom upp sú hugmynd að fara í markaðsherferð til að vekja athygli á Reykjanesbæ sem góðan kost til að heimsækja í sumar. Allar kannanir bentu til þess að Íslendingar ætluðu að ferðast mikið í sumar. Því miður virtust þær einnig benda til þess að mjög fáir hugsuðu um Reykjanes og Reykjanesbæ sem áfangastað. Við vorum sannfærð um að það þurfti aðeins að hreyfa við fólki og segja þeim á mannamáli og með áhugaverðu kynningarefni að það sé sannarlega þess virði að kíkja í heimsókn til okkar. Það var einnig okkar mat okkar hér í Súlnni verkefnastofu að það þyrfti að koma einhverskonar mótvægi við allar neikvæðu fréttirnar sem komu frá sveitarfélaginu í tengslum við ástandið sem skapaðist á vinnumarkaðinum. Okkur fannst nauðsynlegt að sporna við þessu og það þurfti að vinna hratt. Við sóttum um aukafjárveitingu upp á 6-7 milljónir til að framkvæma þessa vinnu.





Duus Safnahús

Duus Safnahús við smábátahöfnina í Reykjanesbæ eru alltaf að opna nýjar og spennandi sýningar. Kíktu við og skoðaðu þig um. Það er ókeypis aðgangur í allt sumar.

 ferdalag.is

visitreykjanessaer.is



Hugmyndavinna

Það var farið af stað með hugmyndavinnu í maí. Ákveðið að hafa þetta einfalt og skilvirkt til að tíminn við hugmyndavinnu og framleiðslu yrði styttri. Unnið var út frá slagorðinu “Kíktu í heimsókn” sem náði vel utan um það markmið að fá fólk af höfuðborgarsvæðinu til að koma í dagsferðir til Reykjanesbæjar og jafnvel gista í nokkrar nætur.

Framleiðsla

Framleiðsla fór strax í gang út frá þessari hugmyndafræði. Það var ljóst að við þyrftum að vera á mörgum miðlum til að ná til sem flestra. Farið var af stað með framleiðslu á nokkrum sjónvarpsauglýsingum sem innihélt efni frá sex stöðum í Reykjanesbæ sem þykja einkenna staðinn. Klíptum þá saman í hraða myndasýrpu sem voru frá 10 sek og upp í eina mínútu. Það voru framleiddir vefborðar í mörgum stærðum fyrir vefinn og samfélagsmiðla. Í beinu framhaldi voru framleiddar 10 útvarpsauglýsingar með sömu skilaboðum. Okkur tókst að framleiða allt efnið tímalega og hófum í birtingar í byrjun júní. Byrjuðum rólega en vorum með mjög þéttar birtingar í júlí þegar flestir voru að ferðast.

Hringbraut

Hringbraut fór af stað með nýja þáttaröð í lok maí sem kallaðist „Bærinn minn.“ Þar fór Sigmundur Ernir hringinn í kringum Ísland og heimsótti bæjarfélög til að sýna hvað þau hafa upp á að bjóða fyrir íslenska ferðamenn. Meginmarkmið þáttanna var að hvetja fólk til að ferðast innanlands og styrkja stöðu bæjarfélaga víðs vegar um landið. Við förum í samstarf við þau og þátturinn var sýndur um miðjan júní.

Það var almennt mikil ánægja með þennan þátt og þáttaröðin sjálf var með 25-30% áhorf hjá markhópnum 45 til 55 ára. Síðustu áhorfstölur sýndu yfir 50% áhorf hjá markhópnum 55 ára og eldri. Samkvæmt þessum áhorfstölum hefur Reykjanesbær fengið mjög góða almenna kynningu í gegnum þennan þátt. Það ber einnig að nefna að viðmælendur Reykjanesbæjar stóðu sig einstaklega vel.



Kynningarefnið - sýnishorn



<https://www.youtube.com/watch?v=iCHWeC5FTQg>



<https://www.youtube.com/watch?v=UXMwKbY9qMg&t=25s>



Kynningarefnið – sýnishorn



Vatnaveröld

Það er nauðsynlegt að kíkja í sund þegar þú heimsækir Reykjanesbæ. Innlaugin er sannkölluð vatnaparadís fyrir börnin og mikið um að vera. Flott útilaug, innlaug, heitir pottar, vatnsrennibrautir og gufubað.

KOMDU MED ferdalag.is

visitreykjanesbaer.is



Skessan í hellinum

Allir krakkar vilja kíkja á Skessuna sem er alltaf ropandi og prumpandi ef við þekkjum hana rétt. Hún tekur fagnandi á móti yngstu börnum sem ekki eru hætt að nota snuð geta komið með snuðin sín, hengt þau á tré inni í hellinum og skilið þau eftir.

KOMDU MED ferdalag.is

visitreykjanesbaer.is



Kynningarefnið – sýnishorn



Brú milli heimsálfa

Einstakur staður á heimsvísu.
Það er frábær upplifun að standa
á plötuskilum Evrópu og Ameríku
og ganga svo á milli heimsálfa. Þú
verður að láta taka af þér mynd.

KOMDU
MED ferdalag.is

visitreykjanesbaer.is



Duus Safnahús

Duus Safnahús við smábátahöfnina
í Reykjavík eru alltaf að opna
nýjar og spennandi sýningar. Kíktu
við og skoðaðu þig um. Það er ókeypis
aðgangur í allt sumar.

KOMDU
MED ferdalag.is

visitreykjanesbaer.is



KYNNINGARBLÁÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FÓLK

LAUGARDAGUR 18. JÚLÍ 2020

Helgin



Frá unga aldri var markmið Ástu Kristínar Pjetursdóttur að verða víóluleikari. Í staðinn flutti hún til Flateyrar, tók gítarinn með og fór að semja. ➔4

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!



Brynjar Leifsson, gítarleikari Of Monsters and Men, ólst upp í Reykjanesbæ og hann hvetur Íslendinga til að kíkja í heimsókn í bæinn, enda svo ótrúlega margt skemmtilegt í boði í Reykjanesbæ. Hér er hann í Rokksafni Íslands fyrir framan mynd af eigin hljómsveit og sögu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Spennandi að alast upp í Bítlabænum

Brynjar Leifsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, er fæddur og uppalinn í Reykjanesbæ. Bítlabærinn og tónlistarlífið hafði mikið aðdráttarafl á hann sem barn sem síðar vakti tónlistaráhuga hans. ➔2



Framhald af forsiðu ➔

Brynjar segir að Reykjanæsbær bjóði upp á mikla sögu á tónlistarsviðinu og gestir sem komi til bæjarins finni vel fyrir því. Hljómahóllin dragi að marga ferðamenn, að ekki sé talað um Rokksafn Íslands, sem er safn um sögu popp- og rokktonlistar á Íslandi. Á safninu eru margir merkir gripir sem hafa verið í eigu íslenskra tónlistarmanna. Í Hljómahólinni er einnig felagsheimilið Stapi sem á sér langa og merkilega sögu.

Brynjar hefur ferðast um heiminn með Of Monsters and Men og ætti að vera á tónleikaferðalagi um þessar mundir, ef ekki hefði komið upp heimsfaraldur. „Við vorum búin að taka okkur hlé í nokkuð langan tíma og vorum komin af stað aftur þegar COVID-19 kom upp. Það setti strik í reikninginn svo nú er ég bara í sumarfríi,“ segir hann. „Hann neitar þó ekki að fríð geti endað með nýrri tónlist.“

Upplifun suður með sjó
Þegar Brynjar er spurður hvernig það hafi verið að alast upp í Bítla-bænum, svarar hann. „Það var frábært að alast upp í Reykjanæsbæ. Bæjarstemningin var fin, stutt í alla þjónustu og flestir bæjarbúar þekktust. Ég starfaði fyrst í byggingavinnu hjá afa og síðar föður minum. Eins og flestir Suðurnesjamenntur er ég síðan að vinna á Keflavíkurflugvelli. Þar starfaði ég í Öryggisgæslu sama ár og við í Of Monsters and Men bárum sigur úr byrjum í Musíkittreunum. Eftir það jókst tónlistarvinnan og vaktavinnan á Vellinum fór ekkert sérstaklega vel með henni.“

Brynjar segir að Reykjanæsbær hafi upp á mjög margt að bjóða fyrir ferðamenn. Það sé upplifun að skreppa suður með sjó. Eftir að hafa heimsótt margs konar borgir og bæi á ferð sinni um heiminn, segir hann það koma á óvart hversu margt sé um að vera í Reykjanæsbæ. „Ég hef komið á miklu stærri staði úti í heimi þar sem eru kannski tveir barir og McDonalds, annað ekki,“ segir hann og bætir við að í bænum sé reyndar fræg skyndibitamennning. „Það verða allir að heimsækja þessa helstu staði eins og Langbest, Ólsen Ólsen og Villa. Hver staður hefur sín sérkenni, þitsurnar á Langbest, geggiðir bátar á Ólsen Ólsen og svo er það hinn frægi hamborgari með öllu á Villa. Villaborgari er með öllu því sama og pylsa með öllu. Rosalega goður og kemur á óvart,“ segir hann.

Næg afþreying

„Allaferð áhugavert að kíkja í Duus Safnahús og rötta þar um. Þar er alltaf eitthvað um að vera. Í Duus-húsi er veitingahús, smábátahöfnin fyrir utan og Skessan ekki langt frá. Þangað koma foreldrar með börn sem eiga að hætta með snúð. Börnin skilja snúð sitt eftir í hellinum handa tröllskessunni. Fyrir reiðhjólafolk er hægt að hjóla eftir allri strandlengjunni sem er vinsælt, enda hægt að njóta fallegar náttúru um leið. Síðan er ekkert síðara að hjóla gamla flugvallarveginn og skoða her-svæðið. Þar er gamla flugstöðin og flugsýkli. Það er auðvitað hægt að keyra um svæðið líka. Þarna liggur mikil saga. Göngustígar eru víða og þeir eru auðfærir enda mikli búið að leggja í þá. Það er einnig gaman að skoða gömul hersýkli við Patterson flugvöllinn.“

Það er margt hægt að gera á þessum slóðum. Golfvöllurinn er ekki langt í burtu og er glæsilegur og ótrúlega goður. Á meðan ég æfði golf helt ég til þar. Sundlaugin er alveg spes, þar er sannkölluð



Safnið í Duus-húsi er einkar áhugavert, að sögn Brynjar en það er meðal þeirra staða sem hann mælir með að heimsækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

“Ég hef komið á miklu stærri staði úti í heimi þar sem eru kannski tveir barir og McDonalds, annað ekki. Í Reykjanæsbæ er reyndar fræg skyndibitamennning.”

vatnaveröld fyrir alla fjölskylduna. Vatnaveröld er með innilaug sem er með fullt af leikækjum og er sérstaklega áhugaverð fyrir krakka. Ég myndi segja að Vatnaveröldin væri algjör negla. Bæjarbúar fara í sund og síðan í Villaborgara á eftir,“ uppýsir Brynjar.

„Ég vil líka minnst á að það er mjög skemmtilegt að fara í biltúr í nágrenni bæjarins, til dæmis út í Hafnir, sem er gamall og sjarmrandi lítill bær. Eldey stendur síðan tignarleg úr sjó fyrir utan Reykjanæsbæ. Brúna milli heimsálfa verða allir að prófa að ganga yfir. Brúin er á plötuskilum milli Evrópu og Ameríku,“ segir Brynjar og bendir sömuleiðis á Reykjanæsvirkjun, yfir staði sem vert er að skoða. „Það er áhugavert að koma þar.“ Í Reykjanæsbæ eru þrjú gígur og fjögurra stjórnu hótél, auk margra goðra gistiðúsa. „Það er hægt að velja sér lúxusgistingu og sum hótél bjóða upp á flotta bróns. Það er sömuleiðis gaman að heimsækja Paddy's og fá sér bjór. Paddy's er írskur pöbþar sem bæjarbúar hittast. Notalegt er að setjast á pallinn með bjór og goðu veðri. Þar er boðið upp á strandblak á sumrin.“

Stjórnum í augun

Brynjar segist hafa fundið mikið fyrir tónlistarahuga í bænum þegar hann var að alast upp. Bróðir hans var í hljómsveitinni Kója og Brynjar fylgdist með bilskurs-æfingum. „Þegar ég gekk fram hjá Geimsteini fékk ég stjórnum í augun,“ segir hann, en það var stúdió Rúnar Júlíussonar. „Það var alltaf einhver spennan að alast upp í Bítla-bænum.“

Reykjanæsbær
- kíkту í heimsókn

Kíkту í heimsókn

Það er yndislegt að búa í Reykjanæsbæ. Hér er fríðsælt og fólkið er opið og ég er rosalega ánægður með hvernig samfélagið tók á móti mér og fjölskyldu minni þegar ég fluttist hingað fyrir 8 árum.

Ég féll samstundis inn í höpin og leið aldrei eins og aðkomumanni. Reykjanæsbær og næsta umhverfi hefur upp á margt að bjóða, jafnt fyrir heimamenn og fyrir fólk sem vill bara kíkja í heimsókn. Nálægðin við höfuðborgina og flugvöllin er mikill kostur. Það er því auðvelt að mæta á staðinn og gera sér glaðan dag.

Hér í bæ er að finna söfn, frábæra matsústaði, goða sundlaug með elna innilegum jarðörðum á landinu svo ég viti til, ævintýralegum skessuhelli, mögnuðum göngustíg meðfram sjónum og útlistaverk.

Hér í kring er hægt að fara í fjallgöngur, til dæmis upp á Þorbjörn eða Keili, skoða Gunnahver, jarðhitasvæðið við Krýsvík og brúna á milli tveggja heimsálfa



Fíða Abu Líbden bendir á Gunnahver, sem hún segir mjög áhugaverðan til að heimsækja.

Falllegt svæði

Ég myndi byrja á því að fara í ferð um Reykjanæsbæ sem er afar falllegt svæði, einna helst Gunnahver þar sem ég gæti sýnt sterka tengingu við vörurnar okkar hjá Geósilica sem koma úr jarðhitavatni og svo er áhugavert að fara á brú milli heimsálfa. Skemmtileg upplifun í nærumhverfi Reykjanæsbæjar. Næst myndi ég fara með gestinn á SoHo í hádegisverð en þar er mjög ferskur, hollur og goður matur á boðstólum, en ásamt því er gríðarlega falllegt útsýni af staðnum yfir sjóinn og bjargið í Keflavík.

Fíða Abu Líbden, framkvæmdastjóri Geósilica



Már Gunnarsson býr í Reykjanæsbæ og er stoltur af heimabænum. Hér er hann með lva, en þau syngja lagið Barn, sem hefur verið mjög vinsælt.

þar sem hægt er að ganga yfir brú á flekamótum Evrópu og Ameríku. Ekki má gleyma gleymanvitanum og fjórinni við Garðskaga og einstöku sandhólunum í Sandvík, en þar gerðum við lva tónlistarmyndband við lagið Barn, sem samtals hefur fengið yfir 124

þúsund áhorf. Í myndbandinu sést vel hversu náttúran er undursamlegi okkar nánasta umhverfi. Reykjanæsbær er ætlaður öllum. Verið velkomin í heimsókn.

Már Gunnarsson, íþrótt- og tónlistarmaður



Rannveig Garðarsdóttir leiðsögumaður hvetur alla til að koma í heimsókn.

Margt í boði í Reykjanæsbæ

Ég myndi byrja á einu af kaffihúsum í fallega bænum mínum og síðan fara í gönguferð eftir 10 km löngum göngustíg sem liggur með ströndinni á milli Innri-Njarðvíkur og Keflavíkur, á göngustígnum eru upplýsingaskilti með reglulegu millibili, þar sem lesa má um nánasta umhverfið. Það má stoppa í Víkingahelnum og á Fitium þar sem hægt er að njóta fallegar náttúru, gefa öndunum og skoða fuglaliðið. Þegar komið

er til Keflavíkur er gaman að ganga um gamla bæinn, skoða vegglistaverk, upplifa Skessuhelli og staldra við í Duushúsum þar sem hægt er að skoða Listasafnið, sýningu Bygðasafnsins og Upplýsingamiðstöð ferðamanna og enda gönguferðina á að borða á einhverju af fjölmörgum veitingastöðum bæjarins.

Rannveig Líja Garðarsdóttir leiðsögumaður

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu formi vöðla og umfjallana. Í blaðinu er einnig herðubúðir ritstjórnarinnar. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
Torg ehf
Ábyrgðarmáður:
Jóhanna Helga Víðarsdóttir


Úmsjónarmenn efnis: Elín Alfersdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Frey Þorsteinsson, oddur@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lílja Gunnarsdóttir, thoradis@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnar@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhjálmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656.




Birtingar í fjölmiðlum

Við birtum auglýsingar í mörgum fjölmiðlum m.a. RÚV, Sjónvarp Símans, Hringbraut, Rás 2, Bylgjan, visir.is og Fréttablaðið. Einnig birtum við gegnum auglýsingakerfið Ske sem er samstarfsaðili 15 íslenskra fjölmiðla eins og Nútíminn.is, Kjarninn.is, Mannlíf.is og fl. Dæmi um umsýslu á birtingum má sjá hér fyrir. Þetta eru tæpar, 1.5 milljónir birtinga og yfir 1.000 aðilar smelltu á auglýsingarnar á visir.is





Annað dæmi um birtingar eru í gegnum Sjónvarp Símans. Við vorum með 444.866 snertingar í línulegri dagskrá og 71.462 snertingar í Pre-roll á Vod hluta kerfisins.





Mælanlegur árangur

Það er mitt mat að árangurinn af þessari stuttu markaðsherferð sumarið 2020 hafi verið mjög góður. Heimsóknir á heimasíður og söfnin sýna það greinilega að Íslendingar kíktu í heimsókn í Reykjanesbæ í júní, júlí og ágúst. Þessar tölur eru áberandi í Rokksafninu sem var með rúmlega 500% aukningu í júlí miðað við sama tíma í fyrra. Einnig var rúmlega 230% aukning í Duus húsum í júlí, miðað við sama tíma í fyrra.





Kostnaður og birtingar

Birtingar voru í júní, júlí og byrjun ágúst. Tíðnin var þéttust í júlí þar sem flestir voru að ferðast og var þá lögð rík áhersla á vera í útvarpinu. Áhersla var lögð á birtingar í sjónvarpinu, vefnum og útvarpinu. Framleiðslukostnaður var rétt um 22% af heildarupphæðinni sem fór í þessa markaðsherferð. Þetta er tiltölulega lágt hlutfall og gaf okkur aukið svigrúm til að birta meira.

Miðlar	Upphæð	Hlutfall	Hlutfall miðla
Prentmiðlar			
Fréttablaðið	180.000 kr.	4%	Prentmiðlar 4%
Vefmiðlar			
visir.is	350.000 kr.	8%	Vefmiðlar 16%
SKYN miðlar	150.000 kr.	4%	
Facebook / Instagram	150.000 kr.	4%	
Sjónvarp:			
RÚV sjónvarp	1.236.000 kr.	30%	Sjónvarp 65%
Hringbraut (Bærinn minn)	1.000.000 kr.	24%	
Sjónvarp Símans	440.000 kr.	11%	
Útvarp:			
RÚV útvarp	400.000 kr.	10%	Útvarp 15%
Bylgjan útvarp	250.000 kr.	5%	
Samtals:	4.156.000 kr.	100%	100%
Framleiðsla			
Sjónvarpsauglýsingar	570.000 kr.		
Ljósmyndari	220.000 kr.		
Talsetning	380.000 kr.		
Samtals:	1.170.000 kr.		
Heildarkostnaður	5.326.000 kr.	Án vsk.	



Til að nýta fjármagnið eftir bestu getu var ákveðið að öll hugmyndavinna og grafísk hönnun færi fram innan Súlunnar verkefnastofu þar sem þekking og reynsla var til staðar. Önnur framleiðsla var aðkeypt, en það voru liðir eins og framleiðsla á sjónvarpsauglýsingum, ljósmyndatökur og talsetningar sem kröfðust ákveðinnar sérfræðiþekkingar.

Gunnar Víðir Prastarson
Verkefnastjóri markaðsmála